

## Viðbrögð við mengunaráhappi á vatnsverndarsvæðum

Ef óhapp á sér stað ber að grípa til eftirfarandi aðgerða;

- Koma strax í veg fyrir frekari skaða með þeim búnaði sem er til staðar
  - lekabytta/motta
  - ígleypiefni
  - skófla.
- Koma ökutækinu/vinnuvélinni strax af svæðinu með aðstoð ef á þarf að halda.
- Tilkynna óhappið strax til eftirfarandi aðila, eftir svæðum.

Umdæmi	Nafn	Vinnusími	Farsími	Heimasími	Bakvakt
Orkuveita Reykjavíkur	Varðstofa	516 6200	--	--	516-6200
OR, Reykjavík	Hafsteinn Björgvins.	516-6000	617-6557	552-0493	516-6200
OR, Akranes	Gissur Þ. Ágústsson	516-7320	617-7320	431-2928	516-6200
OR, Borgarnes	Guðm. Brynjúlfs.	516-7330	617-7330	437-1571	516-6200
Vatnsveita Hafnarfjarðar	Dagur Jónsson	555-6330	896-0028	555-4351	896-2621
Vatnsveita Kópavogs	Magnús Bjargarson	570-1660	896-1480	571-2386	840-2690
Vatnsveita Mosfellsbæjar	Viðar Ólafsson	566-8450	693-6707	566-6547	566-8450
OR, Stykkishólmur	Gissur Þ. Ágústsson	516-7320	617-7320	431-2928	516-6200
OR, Grundarfjörður	Gissur Þ. Ágústsson	516-7320	617-7320	431-2928	516-6200

- Hreinsa strax upp allt það efni sem komist hefur í snertingu við jarðveg.

### VIÐBRÖGÐ VIÐ VÁ

Ef stórfelld eða meiriháttar mengunarslys verða ber samstundis að hafa samband við eftirfarandi aðila:



Orkuveita Reykjavíkur  
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík  
Sími: 516 6200



Vatnsveita Mosfellsbæjar  
Þverholti 2, 270 Mosfellsbær  
Sími: 566 8450, 693 6707



Vatnsveita Kópavogs  
Álalind 1, 200 Kópavogur  
Sími: 896 1480, 840 2690



Vatnsveita Hafnarfjarðar  
Norðurhella 2, 220 Hafnarfjörður  
Sími: 896 0028, 896 2621

## Öryggisreglur fyrir verktaka og aðra sem erindi eiga inn á vatnsverndarsvæði Reykjavíkur og nágrennis

Tilgangur reglnanna er að fyrirbyggja óhöpp og/eða að draga úr óæskilegum áhrifum af völdum óhappa sem eiga sér stað á vatnsverndarsvæðum Reykjavíkur og nágrennis.

Reglur þessar eru settar af vatnsveitum höfuðborgarsvæðisins í samvinnu við hlutaðeigandi heilbrigðiseftirlit og Skógræktarfélag Reykjavíkur. Þær gilda um verktaka á vegum vatnsveitnanna sem sinna starfsemi innan vatnsverndarsvæðanna og aðra sem erindi eiga inn á vatnsverndarsvæðin með vélar og/eða farm sem getur spillt grunnvatni.

### Tilkynningaskylda

Áður en farið er um vatnsverndarsvæði Reykjavíkur og nágrennis ber að tilkynna um ferðirnar til hlutaðeigandi vatnsveitu sem mun tryggja viðkomandi fylgd um svæðið:

Umdæmi	Nafn	Vinnusími	Farsími	Heimasími	Bakvakt
Orkuveita Reykjavíkur	Hafsteinn Björgvinnss.	516-6000	617-6557	552-0493	516-6200
Vatnsveita Hafnarfjarðar	Dagur Jónsson	555-6330	896-0028	555-4351	896-2621
Vatnsveita Kópavogs	Magnús Bjargarson	570-1660	896-1480	571-2386	840-2690
Vatnsveita Mosfellsbæjar	Viðar Ólafsson	566-8450	693-6707	566-6547	566-8450
Vatnsveita Stykkishólms	Gissur Þ. Ágústsson	516-7320	617-7320	431-2928	516-6200
Vatnsveita Grundarfjarðar	Gissur Þ. Ágústsson	516-7320	617-7320	431-2928	516-6200

Óski viðkomandi vatnsveita þess ber verktaka að senda tæki og bíla sem leið eiga um vatnsverndarsvæðin í eftirlit skv. nánari fyrirmælum. Sé þess óskað skal verktaki hafa meðferðis:

- lekabyttu/mottu
- ígleypiefni
- skóflu

Í ökutæki/vél til að bregðast við óhöppum sem snúa að lekum og samsvarandi atvikum á vatnsverndarsvæðum. Vatnsveiturnar lána verktaka þennan öryggis-búnað á meðan á framkvæmdum stendur. Verktaka ber að kynna sér notkunar-reglur búnaðarins og skila honum að framkvæmdum loknum.

Verktaki skal hafa farsíma eða samsvarandi búnað sem gerir honum kleyft að tilkynna tafarlaust um öll óhöpp sem verða á vatnsverndarsvæðum.

Umferð með vatnsspillandi efni er óheimil inn á svæðið nema í undantekningar-tilvikum með samþykki viðkomandi vatnsveitu og í fylgd starfsmanna hennar.

Í slíkum tilvikum skal velja stystu og öruggustu leiðina inn og út af svæðinu.

Flutningur varasamra efna skal fara fram á virkum dögum milli 08:00 og 15:00. Ekki er leyfilegt að vera með umframmagn sem nemur meira en 10% af áætluðu magni ef um 1000 lítra eða meira er að ræða.

Fylgdarmanni er heimilt að fresta fylgd ef færð og veður gætu valdið óhappi.

## HEIÐMÖRK OG BLÁFJÖLL ERU VATNSVERNDARSVÆÐI

Allir verktakar skulu hlíta þessum reglum. Ef verktaki hlítir þeim ekki verður leitað til annars aðila varðandi þjónustu.

Verktaki skal nota hrein tæki og í góðu ástandi. Hann og verkkaupi hafa eftirlit með að ekki stafi af þeim mengunarhætta, t.d. vegna leka á olíu eða öðrum efnum. Óheimilt er að framkvæma viðgerðir á tækjum á svæðinu, sem valdið geta mengun. Áfyllingu olíu og eldsneytis skal framkvæma utan verndarsvæða.

Að framkvæmdum loknum skal jarðrask lagfært. Notkun áburðar er óheimil.

### Samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Reykjavíkur og nágrennasveitarfélaga

#### **Brunnsvæði**

*Salerni og þvottaaðstaða*

7 gr.

Salerni og þvottaaðstaða á brunnsvæði er háð leyfi heilbrigðisnefndar. Skólpi frá slíkum búnaði skal veitt í geymi sem tæmdur er reglulega. Utan um geymi og leiðslu skal vera viðurkennd lekavörn með góðri aðstöðu til eftirlits. Ennfremur skal flutningsaðili sem annast tæmingu slíks geymis hafa starfsleyfi viðkomandi heilbrigðisnefndar og samþykktar verklagsreglur fyrir þá vinnu.

*Almenn umgengi*

8 gr.

Um girðingar, mannvirki, búnað, framkvæmd vinnu, meðferð varasamra efna, viðbragðsáætlanir vegna mengunaróhappa og umhirðu og frágang mannvirkja skal fjallað nánar í starfsleyfi viðkomandi vatnsveitu og samþykktu innra eftirliti samkvæmt reglugerð nr. 522/1994, um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

#### **Grannsvæði**

*Almenn umgengi*

9 gr.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta hreinsa upp, á kostnað hlutaðeigandi aðila, efni og önnur óhreinindi, sem farið hafa niður og minnsti grunur leikur á að geti valdið grunnvatnsmengun. [Varðandi valdsvið og þvingunarúrræði heilbrigðisnefndar fer skv. lögum nr 7/1998.]

10 gr.

Allar framkvæmdir og ræktun á svæðinu skulu miðast við að sem minnst breyting verði á hripi regns og yfirborðsvatns niður í grunnvatn.

## Geymsla varasamra efna

11 gr.

Geymsla á olíu, bensíni eða varasömum efnum er óheimil nema á vegum vatnsveitna og er háð leyfi heilbrigðisnefndar. Flutningsaðili slíkra efna skal hafa fullnægjandi viðbragðsáætlun vegna óhappa og leyfi heilbrigðisnefndar til flutninganna.

*Vegir og verklegar framkvæmdir*

12 gr.

Vegagerð og aðrar verklegar framkvæmdir á svæðinu eru háðar leyfi heilbrigðisnefndar sem setur nánari skilyrði um mengunarvarnir vegna framkvæmdanna. Vegi skal ekki leggja á grannsvæði nema mikilvægar ástæður séu fyrir hendi. Þá skal að jafnaði ekki leggja bundnu slitlagi, en sé það gert skal nota steinsteypu eða malbik. Við allar framkvæmdir þar sem notaðar eru bifreiðar, vinnuvélar eða önnur tæki sem nota olíu af einhverju tagi, skal gætt fullkominna mengunarvarna. Notkun á vegsalti og öðrum hálkumhamlandi eða rykbindi efnum er háð samþykki heilbrigðisnefndar.

13 gr.

Þar sem almennir vegir liggja inn á grannsvæði vatnsbóla skal eigandi vegarins láta koma fyrir skilti með nauðsynlegum upplýsingum fyrir vegfarendur um viðkvæmni svæðisins fyrir mengun. Óheimilt er að aka bifreiðum, vélsleðum, vélknúnum farartækjum eða vinnuvélum utan skipulagðra vega eða slóða, nema þegar ekki verður hjá því komist vegna verklegra framkvæmda samkvæmt 11. gr.

*Viðhald bygginga o.fl.*

18 gr.

Varðandi viðhald bygginga, girðinga, raflína o.þ.h. skal gætt sérstakrar varúðar við notkun varasamra efna, s.s. fúavarnarefna, olíu o.þ.h. Geymsla varasamra efna er óheimil og skulu slík efni tekin með ef svæðið er yfirgefið.

*Sorp og annar úrgangur*

29 gr.

Óheimilt er að flytja úrgang inn á svæðin til geymslu eða förgunar. Sorp og annan úrgang sem þar verður til skal geyma samkvæmt viðurkenndum aðferðum og flytja reglulega út af svæðinu til förgunar eða endurnýtingar eftir því sem við á.

**Reglugerð um neysluvatn**

10 gr.

Heimilt er að banna olíu- og efnaflutninga í nágrenni vatnsbóla þar sem hætta er á að slíkt geti spillt vatninu. Verði ekki hjá slíkum flutningum komist skulu þeir fara fram á þeim tímum sólarhrings þegar umferð er minnst og þá með fullu samþykki eftirlitsaðila. Í slíkum tilvikum skal liggja fyrir björgunaráætlun við mengunaróhöppum.